

## Glósur úr Listasögu 102 í Menntaskólanum í Kópavogi

vorið 2002

### Kaflar 1 – 10.

14. janúar 2002

Egyptar: u.þ.b. 3000 – 1000 f.Kr. Pýramídar, þurrfreskutækni, reglufestan og tákinn.

Krítverjar: u.þ.b. 1700 – 1450 f.Kr. (Mestir um 1500 f. Kr.)

Mýkoningar: u.þ.b. 1400 – 1200 f. Kr.

Grískar miðaldir → 900 f. Kr.

Grikkir:

- Geometrískur stíll u.þ.b. 900 – 700 f. Kr. (Einföld grunnform)

- “Forneskjustíllinn” u.þ.b. 700 – 480 f. Kr. (t.d. bls 79 í bók)

KLASSÍSKUR TÍMI

480-330 – Lýðveldi í Aþenu

Hellenískur tími u.þ.b. 330 – 100 f. Kr.

Etrúrar: Búa á Ítalíu u.þ.b. 500 f. Kr.

Rómverjar: u.þ.b. 500 f. Kr – 500 e.Kr (Lýðveldi)

Krítíós-drengurinn: Styttu sem talin eru marka upphaf Klassíska tímans. Er úr marmara og er fíngerður. Stendur ekki jafnt í báða fætur, stendur eðlilega, meira í annan fótinn.

Parþenon / meyjarhofið er á Akrópólís í Aþenu. Gert í kringum 450 f. Kr. Það er í dórískum stíl. (Grískur stíll skiptist í Dórískan, jónískan og )

Einkenni: Súlnar, feitar miðað við hæð, enginn stallur undir súlnunni og einfaldur súluhaus. Annað sem einkennir dórískan stíl er “bandið” sem er efst. Heitir frís.

Grískar byggingar:

Eru kassalaga. Engin horn. Súlnar eru einkenni (dórískur, jónískur og Kórínþískur/Kórínþanskur)

Mynd af jónískum súlum: bls. 109

Mynd af Kórínþanskum : bls 108

Lágmynd: upphleypt mynd á fleti

Sjá mynd í glósum dórískt og jónískt frís.

Fjöldi súlna á skammhlið er alltaf jöfn tala X. fjöldi súlna á langhlið er yfirleitt 2X + 1.

Hellismálverk eru oft kölluð elstu listaverk í heimi, en til eru eldri verk. Tímabil u.þ.b. 10 – 15 þúsund ár fyrir Krist. Getur verið gert í trúarlegum, galdralegum, sögulegum tilgangi. Dýrin eru betur gerð en mennirnir. Ekki er vitað nákvæmlega hver tilgangurinn er.

Pýramídar eru grafhýsi, hof, geymslur. Pýramýdar eru einkennistákn guðsins Ram. Gerðir í kringum 2500 – 2600 f. Kr.

Egyptar: Egyptar eru mjög fastir á reglum, snjallir handverksmenn. Listamennirnir fengu greinilega tilskipun um hvað þeir eigi að gera, og hlýða því.

Menn standa alltaf fram í vinstri fót, og jafnt í báða fætur. Hendur ávallt niður með síðum, nema ef kona heldur utan um eiginmann.

Tákn skiptu miklu máli hjá Egyptum.

Freska = veggmálverk.

Í freska er regla: Menn snúa alltaf fram, en fæturnir eru alltaf á hlið, 2x vinstri fætur. Egyptar notuðu þurrfreskutækni Freska sem málað er beint á vegginn þurran, en ekki með neinu blautu undirlagi. Þýðir að þeir geta verið mjög lengi að mála.

Knossos: / Krítverjar

Höllin er frá u.þ.b. 1500 fyrir Krist.

Freskur í Knossos eru allar blautfreskur, en yfirleitt er búið að mála ofan í þær.

Krítverjar virðast vera kátir að eðlisfari. Samskipti hafa verið á milli Krítverja og Egypta.

Allar gyðjur voru í síðu pilsa og berbrjósta

Mýkena tók við af Krít

Egyptar sýndu alltaf andlitið frá hlið en augað snýra alltaf fram.

Grikkir:

16. janúar 2002

Grafhýsi Etrúra litu út (og líta enn) eins og hinar alíslensku þúfur Þessi grafhýsi (eða klefar) voru mjög lítil. Egyptskur stíll á myndunum inni í þúfunum. Rómverjar og Etrúrar voru svipaðir að stíl, þeir bjuggu nálægt hver öðrum og voru uppi á svipuðum tíma.

Vita: Um fleygboga rómverja og Etrúra, rómverjar fundu upp steinsteypu á 3. – 4. öld fyrir Krist.

Kolliseum: Dórískar → Jónískar → Kórinþískar (kórinþanskar) súlur. Dórískar súlur voru á neðstu hæð, jónískar þar fyrir ofan og kórinþanskar efst.

Rómverjar voru miklir raunsæismenn þegar kom að gerð andlitsmynda (Portrettmynda). Allir voru sýndir alveg eins og þeir voru raunverulega.

Konstantín, keisari Rómaveldis, færði höfuðborgina frá Róm til Konstantínópel (Istanbul) og hann gaf kristnum mönnum trúfrelsi. Nú er risastytta af honum (leifarnar af henni) fyrir utan safn í Róm.

Bísönsk list.

Mósaík er flatarlist.

Bayeux-refillinn ~ 1080

- Textíllist

- Vefjarlist

- íslenskur saumur (aðferðin við að sauma refilinn)

- Umfjöllunarefnið er orrustan við Hastings 1066 (innrás Norðmanna í England)

**Miðaldir: (Býsans ríki ~ 400 – 1453 )**

býsanskur stíll – bls. 139

hiberno-saxnesk list (keltneskt / írskt) t.d. 161 ~ 600 – 850

víkingalist ~ 800 – 1050

“1. samevrópski liststíllinn” = Rómanskur stíll ~ 950 – 1150

Einkenni:

Boginn (hringboginn)

Bls. 172, 173, 176

Gotneskur stíll ~ 1150 – 1400

Einkenni:

Oddboginn (sjá mun í glósum)

bls. 188, 189

Basilikur (sjá teikningar í glósum) byggingartegund (t.d. bls 186)

Mjög algengt form á kirkjum

“Tympanon” = bogalaga svæði fyrir ofan dyrnar

Rósettugluggi er hringlaga gluggi og er einkenni á gotneskum stíl og er alltaf fyrir ofan dyrnar fyrir miðju. Oddbogarnir eru líka í gotneskum stíl – áberandi Svifstoðir = sperrur til þess að halda uppi þakinu á gotneskum byggingum og eru þær utan á kirkjunni.

**Muna: Giotto**

21. janúar 2002

Notre Dame í París tilheyrir Gotneskum stíl.

Krossböndin í hvolfunum eru sýnd á grunnrissunum.

Giotto (~1267-137) gerði myndina á bls. 203. Myndin er í Arena-keppunni á Ítalía. Hann er stundum kallaður “faðir endurreisnarmálunar” Hann málar fólk á athyglisverðan hátt.

### **11. kafli:**

Fjórtánda öldin er lokaskeið gotneskunnar.

Fjórtánda öldin í Evrópu, þ.e. lok miðalda.

Pólitískt ástand:

- Afkoma, atvinnuvegir? *Landbúnaður. Menn höfðu það frekar gott, en Svartidauði hafði mikil áhrif (1347-1349). Fólki fækkaði mikið.*
- Helstu ríki, stjórnarfar? *Frakkland, Búrgúnd, flest ríkin voru smá. Lýðveldi: Flórens, Feneyjar. Þetta voru mörg smá ríki og fjölbreytt. Stjórnarfar var því mismunandi. Aðalsmannaveldi, konungsdæmi og lýðveldi. Þýska keisaradæmið (réði yfir hluta Ítalíu og austur á boginn). Einnig Páfadæmið (Vatíkanið)*
- Samskipti ríkjanna innbyrðis? *Stöðug barátta í gangi í Evrópu. Misalvarlegar væringar voru í gangi. Barátta var á milli þýska Keisaradæmisins og Páfadæmisins.*
- Samskipti út fyrir álfuna? *Krossferðum var lokið og ekki mikil barátta út fyrir álfuna.*

Búsetubreytingar, borgarmyndun:

- Orsakir hennar? *Fólksfjölgun, meiri verslun og tækni framfarir stuðlaði að borgarmyndun. → Breyttir atvinnuhættir.*
- Afleiðingar, m.a. í listasögulegu samengi? *Þetta er síð-gotneska. Viðfangsefni byggingameistara höfðu breyst. Það sem verið var að byggja á þessum tíma voru veraldlegar byggingar. (1) Mikið var um stjórnarsetur (Ráðhús). (2) Gildahús (aðsetur stéttarfélaganna). (3) Verslunarhús. (4) Borgarhallir. (5) Háskólar. (6) Brýr, (7) vegir, (8) borgarhlíð.*

Sjónlistir:Bygginarlist:

- Hvað er byggt? *Sjá hér að ofan*
- Hvers vegna? *Vegna þess að það vantaði.*
- Stíleinkenni bygginganna? *mikið skreyti, gotneska, aukið skreyti, smágert skreyti*

Höggmyndalist:

- Meginmyndefni (þ.e. innihald)? *trúarlegt efni, María Guðsmóðir var mjög vinsæl á þessum tíma*
- Ívinnsluefni – úr hverju eru verkin? *Gull, filabein, smærri verk.*
- Staðsetning / notagildi? *Á kikjum í flestum tilvikum, einnig voru verkin heima hjá fólki.*
- Stíleinkenni – hvaða stíll er ríkjandi á þessum tíma og hvernig má þekkja hann? *Síðgotneskur stíll, dýrara efni en áður, smærri verk, s-sveigjan (dæmi bls 210 og líka 213),*

Flatarlist:

- Innihald, þ.e. “tegundarflokkun”? *Handrit, glerskreyti í gluggum, altarisverk, ekki freskur, ekki bara trúarlegt*
- Ívinnsluefni, þ.e. “úr hverju eru verkin”? *Gull og svipað og höggmyndirnar*
- Tilgangur / notagildi? *Ekki bara trúarlegur*
- Stíleinkenni – eru þau sambærileg við t.d. höggmyndirnar? *Síðgotneska → ALPJÓÐAGOTNESKA d. bls. 216-217, 219 (Síðgotnesk málun – skreyti, gullnotkun, smá form, mikil litadýrð, mynsturleg form)*

Feneyjagotneska = samsetning á gotneskum stíl og asískum stíl. Varð til í Feneyjum vegna mikilla samskipta við austurlönd

Hertogahöllin er gott dæmi um Feneyjagotnesku (bls 209)

Mikið áberandi er að Jesúbarnið er lítið, en líkamshlutföllin og bygging þess minna frekar á fullorðinn mann

S-sveigjan er MJÖG áberandi, verður jafnvel yfirþyrmandi.

23. janúar 2002

**12. kafli (bls. 223)**Fyrri hluti fimmtándu aldar:Pólitískt og félagslegt ástand:

- Afkoma, atvinnuvegir? *Borgir stækka enn og borgartengdir atvinnuvegir, verslun, smáíðnaður, bankaviðskipti styrkist enn freka. Annars svipað og áður.*
- Helstu ríki, stjórnarfar? *Páfastóll og Þýska Keisaradæmið voru enn við lýði. Flórensríki á Ítalíu styrkist enn – þar er lýðveldi. Á sama hátt verður Búrgúnd í norðri sterkt á sama hátt.*
- Samskipti Evrópuríkja innbyrðis? *Smá væringar og á milli stórríkjanna var stöðug barátta.*
- Samskipti út fyrir álfuna? *Svipað og áður.*

Tvö svæði í álfunni einkum framarlega:

- Hver? Af hverju einmitt þau? *Flórens á Ítalíu og Flæmingjaland/Búrgúnd í norður Evrópu. Þessi svæði voru mjög rík og vildu hafa áhuga á því að styðja við ýmiss konar menningarstarfsemi.*
- Sameiginlegir þættir? *Áðurnefnd ríkidæmi. Svipaðir atvinnuvegir, bankastarfsemi, textíliðnaður o. fl. Mikil innbyrðis samskipti. Svipaður bakgrunnur.*
- Ólíkir þættir? *Tvennt: 1) Í Flórens er lýðveldi og Búrgúnd er hertogadæmi eða konungdæmi. 2) Ólík forsaga myndalistar*

Hugtakið endurreisn:

- Hverjir nota það fyrst? *Endurreisnarmenn sjálfir*
- Um hvað? *um sjálfa sig*
- Hvað er verið að endurreisa? *Verið var að endurvekja hina fornu klassísku menningu Grikklands og Rómar.*
- Hvers vegna? *1) Íalir voru aldrei hrifnir af gotnesku 2) á þessum tíma komu fram handrit með ýmiss konar fróðleik úr fornöldinni 3) óánægja hafði verið með þennan stíl sem var í gangi 4) Fjármagn og vilji var til þess að endurreisa fornöldina*

Tímagreining á endurreisn

Forendurreisn á Ítalíu 14. öld / síðgotneskur N-Evrópa

---

Snemmendurreisn ~ 1420- ~ 1500

Háendurreisn ~ 1500 - ~ 1525 (1520)

Síðendurreisn (Maníerismi) ~ 1520/25 - ~ 1600

---

Barrokk ~ 1600 - ~ 1750

“Uppgötvun mannsins og heimsins” [Jakob Þúrkad um endurreisnartímabilið]

Maðurinn fór að skipta máli

Vísindahyggja var í gangi á endurreisnartímanum

→ Hugvísindi

Maðurinn

- líffærafræði – Anatómía
  - tilfinningavera
  - vitsmunavera
- Saga - meðvitund

## → Raunvísindi

- Rými – fjarvídd
- Saga – meðvitund
- Stærðfræði

“Innihald” endurreisnar:

- Hugmyndafræðilegt hugtak?
- Ytri einkenni – í hverju sést hin “nýja list” helst?
- Tækni, aðferðir, viðfangsefni listamanna í einstökum greinum?
  - o Byggingarlist
  - o Höggmyndalist
  - o Málaralist

Í gotnesku stefnir allt upp “til Guðs” og ekki eru mikil skil á milli hæða  
Endurreisnin leggur meiri áherslu á lágréttar línur, skýr skil eru á milli hæða

Einstakir listamenn og verk þeirra:

- Brunelleschi  
~ 1377 – 1446  
Upphafsmáður fjarvídðarinnar, fjarvídðarreglan  
Verkfræðingur / hönnuður  
Dómkirkjukúpullinn í Flórens  
“fyrsti bygginarmeistari endurreisnarinn  
”maðurinn er mælikvarði alls”  
taka form úr fornri byggingarlist og færa þau á mannlegan mælikvarða  
(gamla formið var notað í praktískum tilgangni)  
Sýnilegar mælieiningar (Ferningar, Hringir, Þríhyrningar,  
Hálfringsbogar)  
Áhersla á lágréttar línur  
Skýr skil á milli hæða / utan a byggingu  
”læsileiki”
- Lítið skreyti

Í endurreisnarbyggingum er mikil nákvæmni. Skýr skil á milli hæða og allt saman með tærum grunnformum. Nota bríkir til þess að skilja á milli hæða, einnig á milli súlna og boga

Styttan af heilögum Georg (sem Donarelló gerði) er oft talin fyrsta endurreisnarstytta (bls. 231)

Önnur fræg mynd eftir Donatello er lágmynd þar sem höfuð Jóhannesar skírara er á fati. Fjarvídd er mikið notuð þar og mikil hreyfing þar (bls. 232-233)

28. janúar 2002

Masaccio var listamaður frá Flórens. Hann notaði fjarvídd og þótti góður. Altaristafla er í kirkju í Flórens sem heitir Santa Maria Novella. Fjarvídдарreglunum var fylgt í öllu í altariðöflunni eftir Masaccio. Þetta er endurreisnarmynd. Miðjujöfnun og pýramíðabygging. Jafnvægi á milli lita. Lítil kapella í Flórens er full af freskum eftir Masaccio. Hún heitir Brancacci

Masaccio mótar formin með ljósi og skugga. Engar línur og öll skipti eru mjúk.

**Sá hluti þessa kafla sem þegar hefur verið farið í tilheyrir upphafi endurreisnarinnar. Mikilvægt að kunna það.**

Nú verður fjallað um Búrgúnd

Upphaf endurreisnar:

Sameiginlegt á Ítalíu og í N-Evrópu:

Sóst eftir RAUNSAEI

- Vísindahyggja og þekking á fornmenntum lengi sterkari á Ítalíu →  
Ítalía: vísindalegt raunsaei  
N- Evrópa: Smáatriðaraunsaei

N-Evrópa nánar:

Claus Sluter (starfar um 1400), myndhöggvari

- blandar í rauninni saman klassík og “yfirborðsraunsaei”
- ath, Mósesarbrunninn – bls. 234 (Mikil blöndun og Móses með horn)

Annar listamaður tengdur Búrgúndarhirð

Jan van Eyck (um 1390-1441). málari

- smáatriðaraunsaei
- táknnotkun
- “brött fjarvídd”
- OLÍULITIR
- portrett og helgimyndir
- ath. Gent-altarið-túlkun
- ath. Trúlofun Arnolfinis - túlkun

Yfirborðsraunsaei = mikið lagt upp úr smáatriðum og yfirborði hluta, en heildin er ekki í samræmi.

Búrgúnd = NA-Frakkland, Belgía og aðeins upp í Holland

**MIKILVÆGT að kunna mynd á bls 238 (Guð faðir í hásaði að blessa. María Guðsmóðir er að lesa, einnig Jóhannes skírari, dýrlingar tónlistarinnar. Adam og Eva eru þarna líka. Á neðri hæðinni er “lambið” og úr því streymir blöð í bikar. Allir þjóta að því. Verkið er málað með olíu**

Bls. 241 er mynd eftir Van Eyck. Trúlofun – veraldleg mynd

N-Evrópumenn snúa fyrirsætunum fram, og maður getur náð augnsambandi við myndina. Ítalir voru hins vegar með vangann í áttina að manni.

N-Evrópu menn sviðsetja Biblíuatburði heima hjá sér. Kristur gekk til dæmis á Genfarvatni.

30. janúar 2002

### 13. kafli (bls. 247-267)

Á síðari hluta fimmtánda aldar var það sem var nýtt fyrst, orðið “almenningsseign” og útbreiðsla nýjunganna heldur áfram.

Afmarkaðri stúlar fara að myndast eftir ákveðnum stöðum

Þjóðerni / borgir

Stétt (listamenn / handverksmenn / Borgarastéttin) Gildi

“skólar” (stúlafríggð) t.d. Flórens-skólinn

Menntun fer fram hjá meisturum. Þetta þýðir að einstakir meistarar hafa mikil áhrif sem þýðir að stíll að sama stað verður svipaður

#### Alberti (byggingarmeistari)

- ekki jafn reglufastur og Brunelleschi
- Sjá byggingar bls 249 og 250
- Á bls 250 er þriggja hæða “borgarhöll”. Neðsta hæðin er grófust í hleðslu, miðhæðin fínna og efsta hæðin fínust. Gluggar standast alltaf á, utan á eru gervisúlur. Súlnaskiptingin: Dórískar → Jónískar → Kórínþískar
- Bls. 249: Sigurbogastíllinn, þetta er ekki klárað

#### Ghiberti (myndhöggvari)

- blandar saman gömlum hefðum og nýjungum
- Sjá mynd bls 251
- “Ghiberti hélt tryggð við ýmis gotnesk einkenni án þess að að hafna hinum nýju uppgötvun” (bls. 252)

#### Fra Angelico (málari)

- “nýtt rými, gamalt fólk, gamall bakgrunnur”
- Sjá mynd bls 253
- Hann bjó til hina klassísku engla sem við þekkjum
- Hann málar mikið um boðun Maríu, eins og raunin er um myndina í bókinni
- Var mjög hrifinn af bleikum og bláum litum
- Á mörgum altaristöflum má sjá litla mynd fyrir neðan, ekki hægt að loka því. Það kallast Predella

#### Paoto Uccello (málari)

- Fjarvídd (fjarvídardríkill) – firðing / stytting (ef málaður er hlutur sem liggur inn í rýmið, þá virðist hann styttri) dæmi um þetta er á bls. 255. Uccello gerir mikið af rými, en þælir ekki mikið í að allt sé í réttum hlutföllum. Er samt mjög fær fjarvídarmálari
- Sjá mynd bls. 254

Sleppt er kalli á bls 257 (Gozzoli)

Andrea Mantegna (málari)

- Línumálari (grafíker – þrykklist – prentlist)
- Fjarvídd, mjög snjall
- Sjá mynd bls. 258
- Blekkimálun (t.d. þegar málað er á vegg eða loft þannig að áhorfanda á að sýnast að ekki sé um mynd heldur ekta hlut að ræða)

Piero della Francesca (málari)

- “beinasti arftaki Masaccio”
- “mótar formin með ljósi og skugga”
- Sjá mynd bls. 261
- Notar gullna sniðið. Starfaði mikið í Urbino
- Líkamsbygging er ekki alltaf 100%

Botticelli (málari)

- Sjá mynd bls. 265
- Málari mikið af goðsögulegum myndum
- Línumálari
- Líkamsbygging er ekki alltaf 100%

4. febrúar 2002

Á endurreisnartímanum var pýramídabygging mikil í myndlist.

Piero della Francesca starfaði mikið í Urbino. Gullinsnið er form sem segir til um það hvernig mynd er skipt. (Minni hlutinn er í sama hlutfalli af þeim stærri, eins og sá stærri er af myndinni 5:8:13. Francesca tók mikið upp eftir Masaccio

**14. kafli**

Munur á Ítalíu og N-Evrópu (og reyndar öðrum Evrópulöndum) á fimmtánda öld er skýrastur í húsagerðarlist

- Ítalía: Hreinar línur, stærðfræðileg form
- N-Evr: Skraut og gotneska

Í málara- og höggmyndalist gildir að miklu leyti það sama:

- Ítalía: áhersla á stærðfræðil. fjarvídd, anatómíu, rómverskar minjar
- N-Evr.: Fastheldni í miðaldir, smáatriðaraunæi

En, sameiginlegt eins og áður sagði: tilraun til að sýna heiminn og manninn með raunæislegum hætti.

Rogier van der Weyden (ca. 1400-1464)

- Smáatriði að hætti van Eycks, þó minni táknnotkun
- Kristur tekinn af krossinum
- portrettmyndir o.fl.

Höggmyndalist

- útskorin altarisverk, sbr. Veit Stoß, Maríualtarið í Kraká

**Grafík, Prentlist**

- trérista
- tréskurður
- koparstunga (Martin Schongauer)
- prentun um miðja 15. öld í Þýskalandi (Gutenberg)

*Alþjóðagotnesk málun = síðgotnesk málun*

Rogier van der Weyden:

Mikið af myndum hans er eins og eftirmyndir af Van Eyck

Mynd bls. 277 er mikilvæg mynd

Lýsing:

Lögun hennar er best að teikna

Myndin er meiri á breidd en hæð, og upp í miðjunni er kassalaga útskot

Myndin sýnir Krist tekinn af krossinum. Á miðri myndinni er krossinn uppi og á

bak við hann er maður. Maður heldur á Jesú. Jesú er skáhallt yfir alla myndina.

María er í sömu stellingu og Jesú, og er María alveg fremst.

Flatarfylling er ríkjandi í myndinni. Alls tíu persónur eru á myndinni.

Hann rúnnar af hornin á myndefninu

Brött fjarvídd og dæmigerð löng föl andlit

Sérgrein í N-Evr er höggmyndalist úr tré. Dæmi bls. (280-281) Mætti kalla þetta útskurðarlist en er alltaf talað um sem höggmyndalist

*Grafík = prentlist, þrykklist*

Dæmi um tréristu er á bls. 283

Dæmi um koparstungu er á bls. 284

Bls 348 er mjög flott koparstungumynd

*6. febrúar 2002*

**15. kafli**

Sjá ljósrít frá kennara.

Viðbót á blaðið

breyttar aðstæður í byrjun endurreisnar

- málaherir á vegum keisarans (Habsborgarkeisari) fóru inn í Róm og rúsuðu allt, í maí 1527

Kunna:

- Bramante
- Leonardo da Vinci (1452-1519)
- Michelangelo (1475-1564)
- Rafael (1483-1520)

Bramante var maður sem teiknaði byggingar (bls. 290 er háendurreisnarbygging eftir hann) Hann reyndi oft að gera kirkjur sem voru hringlaga. Þetta var erfitt. Í

háendurreisn má sjá hin geometrisku form (hring, kassa) og mikið notað af gömlu formunum

Endurreisn: Rými, mannlíkaminn í rýminu og tilvísun í söguna.

Miðlægni var mjög mikilvæg hjá Rafael

Gufumálun (sfumato) = mjúk málun, t.d. bls. 302

**Leonardo da Vinci** var mikill teiknari. Gerði miklar rannsóknir, t.d. á fólki til þess að allt væri vel gert. Var mjög "klókur" í fjarvídd. Hann kláraði ekki fullt af málverkum

Fékk vinnu hjá keisaranum við að hanna herbúnað

Lagði mikla áherslu á hendur og bendingar

**Michelangelo** var starfandi í öllum þá þekktum listgreinum. Hann dvaldi hjá Medici fjölskyldunni í Flórens. Mynd eftir hann er á bls. 313. Mikill hugsuður. Það sem hann er þekktastur fyrir er á bls. 309. "Sköpunarsagan og syndafallið" Hann vann bara í marmara

*11. febrúar 2002*

## 16. kafli

Gardner's art through the ages

Feneyjar 15. og 16. öld

Aðstæður Myndefni  
Staðhættir Borgalandslag  
vatn, birta  
samskipti í austur,  
Býsans o.fl.

Atvinnuhættir Saga Borgar  
verslun  
siglingar

Stjórnarfar Borgin/lýðveldi  
Lýðveldi persónugert

Goðsögulegt efni  
(Venezia - Venus)

Trúarlegt efni

Stíll: Sérkenni  
áhersla á liti, birtu, "útimyndir", sjaldan hábjartur dagur, veður,  
veðrabrigði

Feneyjingar:

Bellini (1431 -1516)

Giorgione (1478 - 1510)

TIZIAN (1480 - 1578)

Notaði rauðan lit grunn

ath. Markúsarbókasafnið í Feneyjum

Muna einnig eftir Mantegna

Hann var línumálari (harðar línur í öllu)

Mágur Bellini, Mantegna hafði mikil áhrif á hann

Veðrið er myndefnið í einu málverki

13. febrúar 2002

## 16. kafli

Sérstaða Feneyja. Byggingarlist háendurreisnar í Feneyjum. Markúsarbókasafnið í Feneyjum er háendurreisnarbygging, gerð á sama tíma og Michelangelo var að mála.

Bls. 326 – Markúsarbókasafnið

Correggio var kallaður “kennari maníerista”. Hann fór að breyta út af pýramídabyggingunni og miðjujöfnun. Hann málaði mikið blekkimálun.

## 17. kafli

Gotneskur stíll entist mjög lengi í norður Evrópu.

Atriði sem auðvelt er að benda á yfirburði ítalskra meistara, fram yfir N-Evrópumenn:

- Vísindaleg fjarvidd
- Anatómía (líffærafræði = mikið þælt í líkamanum og líkamlega byggingu)
- Klassísk formfræði / byggingalist / höggmyndalist

<http://www.hbcollege.com/art/gardner>

Þrjú einstaklingar í kaflanum sem eru mikilvægir:

### Albrecht Dürer (1472-1528)

- Graffík (Þrykklist) / notaði tréristu, koparstungu
- Málari
- Gerði mjög mikið af trúarlegum myndum, sendi konuna sína á markaðinn til þess að selja
- Var mikill snillingur í tréskurði
- Sá eini sem hægt er að kalla endurreisnarmann
- Mynd bls. 347 koparstunga

- Á öllum myndum eftir hann er skilti með nafninu hans.
- Gerði mikið af sjálfsmyndum

### Grünewald ~1480-1528

- Málari
- “Týndist í sögunni”
- Bls. 351

### Bosch ~1453-1516

- Var sérkennilegur
- Gerði trúarlegar myndir og málsháttamyndir
- Bls 358 er mynd eftir hann

Landslagsmyndir eru að koma inn í kringum 1500

18. febrúar 2002

## 18. kafli

### Maníerismi (sjá ljósrít)

- Útbreiðsla er ekki mjög mikil, aðeins Ítalía og Frakkland
- nær miklum vinsælum þar
- Hver málari hafði mjög sterk persónueinkenni
- Mikilvægastir: Parmigianino og El Greco
- Viðsnúningur á reglum háendurreisnar, miklir ófriðartímar.

Oft snúið út úr hlutum. Palladio var byggingameistari sem átti eftir að hafa geysileg áhrif í bygginarlist. Gerði meðal annars bls. 363

Tintoretto bls. 371

Margir myndlistamenn í Mið- og Norður-Evrópu misstu vinnuna við siðaskiptin. (t.d. Hans Holbein)

**Muna vel eftir PALLADIO!**

20. febrúar 2002

Mynd á bls 365 er eftir Parmigianino

Maníeristar voru mjög hrifnir af bleikum lit.

El Greco – síðasti maníeristinn. t.d. bls. 372 / starfaði á Spáni

Brugel starfaði í Hollandi

Hann gerði myndir sem litu út eins og teiknimyndir. Snjór sást víða hjá honum

## 19. kafli

### Barokk-flokkar

#### 1. “Dæmigert barokk”

Fyrirmyndir: háendurreisn (Michelangelo)

Feneyjamálun (Tizian)

Útbreiðsla: kaþólsk lönd; Ítalía og Spán

Flæmingjaland að hluta, Frakkland að hluta

Einkenni: skreyti, hreyfing, sviðsetning, íburður

Viðfangsefni: trúarleg verk; veraldleg lofgjörð  
Fulltrúar: Rubens (bls. 399), Bernini (bls. 437) o.fl

## **2. “Klassískt barokk” – akademismi**

Fyrirmyndir: háendurreisn (Rafael), snemmendurreisn (?), fornklassík  
Upphafismaður: Carracci  
Útbreiðsla: Frakkland  
Einkenni: kyrrar en nr. 1, meira jafnvægi  
Viðfangsefni: landslag, goðsögn  
Fulltrúar: Poussin, Lorrain o.fl.

## **3. Raunsæisbarokk**

(Fyrirmyndir: Hugsanlega norrænt smáatriðaraunsæi)  
Upphafismaður: Caravaggio  
Útbreiðsla: einkum Holland og önnur mótmælendalönd, að hluta Spánn, að hluta Frakkland  
Viðfangsefni: kyrralíf, hversdagsmyndir  
Fulltrúar: ýmsir Hollendingar!

### **ATH: Tími, ljós og hreyfing**

25. febrúar 2002

#### Einkenni fyrir dæmigert Barokk:

- Mikil hreyfing, bæði í myndum og byggingum. Einnig höggmyndum.
- Mikið er af sterkum litum
- Mikil sviðsetning
- Sjá glósur varðandi myndbyggingu. Skálínubygging

#### Einkenni fyrir klassískt barokk:

- Meiri kyrrð en í dæmigerðu barokki
- Önnur myndefni en í dæmigerðu
- Sjá bls. 395 og 396

#### Einkeni fyrir Raunsæisbarokk:

- Er í Hollandi og smá á Spáni
- Muna vel eftir Caravaggio (bls. 392)
- Mikið notað af jarðlitum
- Lýsingin er aðallega úr einni átt
- Heildarsvipurinn er oft dimmur.
- Velázquez var á Spáni og málaði nokkrar gerðir barokks.

#### **Carracci (1560-1609)**

- Upphafismaður að klassísku landslagi
- Upphafismaður að skopmyndamálun

#### **Caravaggio (1571 / 72 – 1610)**

- Raunsæisbarokk
- Ljós og skuggar
- Brúnir jarðlitir

- Fegrar ekki menn
- Sjá mynd bls. 30 og 31)

**Poussin**

- bls. 395
- vísar mikið í fornar sagnir og landslag
- kannast ið hann

**Lorrain**

- Bls. 396
- kannast við hann

**Rubens**

- Var flæmskur
- Bls. 399
- Kunna allt um Rubens

**Velázquez**

- kunna hann vel
- bls. 406-407

Bls. 389 er byrjandi barokk

Bls. 391 er eftir Carracci og er byrjun á klassísku barokki

Lýsingin var alltaf úr einni átt

**Caravaggio**

- Mikill slagsmálhundur
- Var samkynhneigður
- Drap mann og varð að flýja
- Þarf að vita vel um hann

**Poussin**

- Sjá bls. 395
- Málaði mikið af landslagsmyndum

**Lorrain**

- Gerist mikið á vatni
- er á bls. 396

**Rubens**

- Er á bls. 399
- Mikið af litlum feittum englum
- Málar mjög mikið af rauðu
- Skýrir litir framan af. Fólk er yfirleitt frekar feitt

**Velázquez**

- málaði góð portrett
- mismunandi stílar
- í mynd á bls. 407: pensilförin eru orðin skýr og gróf
- Bls 409

27. febrúar 2002

**20. kafli – Holland á sautjándu öld**

Trúmálin skiptu miklu máli í Hollandi á þessum tíma. Holland var hluti af Niðurlöndum sem var undir stjórn Spánar. Norðurhéröð Niðurlanda tók upp lútherska trú en kaþólska var ríkjandi á Spáni. Þeir tóku upp Kalvinstrú. Sögðu sig úr lögum við Spán og þá þurfu myndlistarmenn að finna sér eitthvað annað að gera.

*Málun*

“Veraldleg sérhæfing”: Sérhæfa sig í einhverju ákveðnu og mála það svo alltaf og endalaust.

Myndefni:

- Holland sjálft
- Landið ----- Landslag
- Fólkið ----- Portrett (hópportrett, einstaklingsportrett og jafnvel dýraportrett) og hversdagsmyndir (tegundarmyndir)
- Eignir ----- Hversdagsmyndir (tegundarmyndir) og kyrralífsm myndir

Ein undantekning er frá þessum veraldlegum myndum

**Rembrandt (1606 – 1669)**

- trúarlegar myndir
- grafík (notar nýja aðferð: *æting*)
- Var mjög flinkur grafíkmaður. Notar aðallega *ætingu* Þá er vax sett á koparplötu, teiknað er í vaxið og svo er platan sett í sýrubað. Þannig ætist í burtu þar sem búið er að teikna og seinna er vaxið þrifið í burtu, blek er sett í plötuna og þrykkt á pappír.

**Frans Hals (~1580-1666)**

- portrettmyndir fyrst og fremst
- var mikill gleðimaður og frekar blautur
- bls. 417 er gott dæmi um hann. Nákvæmt og hratt blandað saman

**Vermeer (1632-1675)**

- hversdagsmyndir
- hefur mesta fermetraverðið
- Kunna vel mynd bls. 432.
- Flestar myndirnar hans eru “eins”. Notar ekki hraðmálun en er nákvæmari.

Áður hafði nákvæmnismálun verið ríkjandi í Hollandi, en nú fór þetta að breytast. Ljósíð skiptir miklu máli á þessum tíma.

4. mars 2002

**21. kafli (bls. 435)**

Hábarrok (“ítalskt barokk, ofurbarokk”)

síðari hluti 17. aldar og fyrri hluti 18. aldar.  
(Borromini var mjög flinkur byggingameistari og gerði meðal annars stjórnulaga byggingar – þarf ekki að kunna)

### Bernini (1598-1680)

- er byggingarmeistari
- er myndhöggvari
- lærður málari
- er þessi dæmigerði barökkari
- Kunna vel
- Vann alla sína tíð í Róm
- Sjá til dæmis bls 438-439
- Var mjög flinkur að gera höggmyndir þar sem er mikil hreyfing.
- Gerði líka marga gosbrunna
- Bls. 439 er aðeins hluti af stærra verki.
- Er mjög flinkur að blanda saman þessum þremur listgreinum.
- bls. 438 er eftir hann. Er persónuleg mynd og er ekki uppstillt
- 

*Heildarlistaverk / heildarblekking* = gengur út á sviðsetningu. Samruni allra listgreina. (byggjarlist, höggmyndalist og málalílist) dæmi um þetta er á bls. 441. Sumir segðu “hnignun einstakra listgreina” Allt fellur saman og heildin skiptir öllu máli, ekki einstaka listgreinar. *texti bls. 441, 443, 444.*

“Túristamálverk” voru að verða mjög vinsæl; lítil málverk sem túristar keyptu mjög mikið.

## **22. kafli (bls. 447)**

Fjallar um sama tíma of 21. kafli en bara annars staðar.

Ástandinu í Frakklandi er lýst með orðinu “absolutismi” (Einveldi)

Loðvík XIV (f. 1638 (*Kóngur: 1643*) d. 1715). Skipti sér mikið af listmálun og var verndari frönsku akademíunnar. Hann varð einvaldur 1661.

Nýr stíll kemur fram; *Rokokó*, ~1715 - ~1770.

### “Skreytistíll”

- málun, höggmyndir, innanhúshönnun
- mildir litir
- pastel litir
- smágerð form
- myndefni: skemmtun aðalsins

### Watteau (1684-1721)

- er besti Rokokó málari
- Þarf að kunna
- bls. 454
- Mikið málað af fínu fólki í skemmtiferð úti í skógi að “rembast við að láta tímenn líða”
-

Versalir er örstutt frá París, gamalt veiðisetur konungs. Loðvík XIV lét stækka þetta. Þetta eru margar byggingar. Gleymdist að gera ráð fyrir salernum. Var vond lykt þarna inni, vegna þess að menn voru með koppana alls staðar. Franska barokkið var rólegra en hitt.

### 23. kafli (bls. 457)

Fjallar um stefnu sem átti eftir að skipta miklu máli síðar. Þetta er *upplýsingarstefna*. Að upplýsa menn um eitthvað.

Enskt barokk enn “rólegra” en hið franska. Englendingar tóku barokkinu frekar “fýlulega”. Lítið af barokkbyggingum í Englandi og lítið af barokki. Einn maður var mikill barokkari, hét Christofer Wren. Hann gerði til dæmi St. Paul’s kirkjuna (bls. 458)

*Palladianismi*, Englendingar voru mjög hrifnir af Palladio og létu byggja mikið í stílnum hans.

Landslagshönnun var mikið notuð, “rómantíkin var að drepa þá”

6. mars 2002

Um 1700 var barokk enn vinsælt og mikið var byggt af því. Rólegra barokkið var í Englandi.

Dæmi um *Palladianisma* er á bls. 460.

Eini nafngreindi einstaklingurinn sem vert er að muna eftir er

#### **Chardin**

- hversdagsmyndir í rokokóstíl
- franskur
- málaði mikið og málaði hratt þannig að sást í strigann

Christofer Wren gerði margar kirkjur, þar á meðal St. Paul’s kirkjuna í London.

*Palladianismi*

- grískar byggingar að fyrirmynd
- eftirhermun á klassískum stíl Grikkja en frjálslegra en gríska vakningin

Laus málun er ríkjandi og ekki eins nákvæmt og hjá Hollendingum.

### 24. kafli - MJÖG MIKILVÆGUR KAFLI -

#### Nýöld

Síðaskiptin

Skynsemihyggja

→ UPPLÝSINGASTEFNA (17. + 18. öld)

- John Locke 1632-1704
- “gagnsýnin hugsun” á að vera til staðar hjá öllum

→ “meðvitund um mismunandi stíla”

SÖGUHYGGJA – eigin saga → **gotnesk vakning**

– klassík → grísk vakning

### Akademíur

- akademíismi
- virðulegir kallaklúbbar, sem sömdu reglurnar
- hefur áhrif á menntun listamanna
- skipuðu mönnum fyrir í smekk
- “góður listamaður er dauður Ítali”
- voru mjög hrifnir af Ítölum, þá aðallega Rafael.
- hafði þau áhrif að ungir listamenn lentu í vandræðum
- síðar fór það að gerast að markaðurinn réði
- fóru að halda sýningar á verkum ungra listamanna

### **Mikilvægt að lesa vel bls. 480-481**

Ný viðfangsefni fóru að koma fram. Listamenn fóru að leita að þeim til þess að öðlast viðurkenningu. Viðhorfið gjörbreyttist með Frönsku byltingunni.

Bandaríkjamenn notuðu mikið gömlu grísku formin. Ekki samt nákvæmlega

### franska byltingin

- lýðræðishugsun ← klassík
- leiðir til stefnu eða stíls í myndlist sem heitir **Nýklassík**, sem byggir á fyrirmyndum hinnar klassíku fornaldar.
- konungdæmi → lýðveldi → keisaradæmi

Nýklassík sést í byggingarlist, höggmyndalist, málun og húsgagnalist

- Thorvaldsen var sá mesti í nýklassík.

### **David (1748-1825)**

- fylgismaður byltingarinnar
- fylgismaður Napóleons Bónaparte
- Kunna mynd bls. 484

*11. mars 2002*

### Goya

- málari
- grafíker
- “fantasíur”
- var krítískur og gerði grín að Spánarhirð
- Varð hirðmálari Spánarkonungs
- rokokó → rómantík
- byrjaði á rokokó og fór svo yfir í rómantík
- er alveg sér á parti.
- sýndi hirðina asnalega, kóngurinn er “kjánalegur”.
- bls. 486 – dálítið barokkleg mynd.
- sýnir stundum samtímaviðburði með gríðarlega krítísku auga.
- fjallar beint og óbeint um stríð
- bls. 489 heitir *Risinn* og er grafíkmynd
- gerði grafíkseríur

- er eiginlega millistefna

### Rómantík

- mikið um alþýðurómantík
- þjóðsagnasöfnun
- mikil upphafning á alþýðu manna og einnig á hetjum
- Byron lávarður
- frá síðustus áratugum 18. aldar og vel fram undir miðja 19. öld.
- sjávarháski og viðkvæmni mannsins gagnvart veðrinu og hafinu er mjög vinsælt

### TURNER (1775-1851)

- Englendingur
- Málari mikið landslag.
- er rómantískur málari
- leysir formin upp og gerir “litastúdíur”. Er einn sá fyrsti sem gerir það. Mjög flott
- bls 493 – Kunna. Skip í stórsjó. Er rómantískt málverk.

Landslagsmálun varð vinsæl á 19. öld í rómantík. Litu á náttúruna sem tákni fyrir sál mannsins.

Það sem gerir rómantískt málverk rómantískt, er ekki málunaraðferðin, heldur innihaldið.

## 25. kafli – MJÖG MIKILVÆGUR

Raunsæi og impressionismi koma inn í síðari hluta kaflans

19. öldin byrjar skömmu eftir Frönsku (1789) byltinguna. Mikið var því um byltingar á 19. öld, t.a.m. í Frakklandi.

Iðnbyltingin hafði líka mikil áhrif. → fjöldaframleiðsla kom í stað fyrir handverk. Þetta hafði áhrif á myndlist. → breytingar urðu á myndefnum. Farið var að framleiða tilbúna olíuliti í túpum. Ljósmyndavél varð til á 19. öld, og hafði það mikil áhrif á myndlist. Þarna verður til klisjan um fátæka snillinginn. Mikil átök urðu milli listamanna.

### Ingres (1780-1867)

- nemandi Davids
- nýklassík
- íhaldssamur akademíusinni
- fylgir reglun Akademíunnar
- “form / teiknun / lína / skynsemi”

### Delacroix (1798-1863)

- rómantík
- and-akademíker
- “litir / tilfinningar”

13. mars 2002

**25. kafli**Ingres

- íhaldssemi / form / teikning / skipulag / skynsemi
- tilheyrir *nýklassík*.
- bylting / litir / málun / frelsi / tilfinningar
- hann byrjar á að hafa fókusinn á afmörkuðu svæði innan mynda
- 

Raunsæisstefnan((natúralismi))

- félagslegt raunsæi
- Millet
- Courbet

Millet (1814-1875)

- málar raunsæislegar myndir
- t.d. af bændafólki við raunveruleg störf
- bls. 509
- tilheyrir raunsæisstefnunni

Courbet (1819-1877)

- hann var líka raunsæismaður
- Málaði sjálfan sig
- Hélt sýningu árið 1855 sem hét *Le Réalisme*
- Gerði mynd af vinnstofunni sinni með fullt af fólki

Oft er mjög stutt á milli *raunsæis* og *rómantíkur*.

Edouard Manet (1832-1883)

- er kallaður “forimpressjónisti”
- Er einn af þeim merkilegri
- Er mikill andstæðingur allra akademískra reglna
- Leggur áherslu á að mála það sem maður sér í raun og veru, ekki það sem maður veit að er fyrir hendi.
- Malar samkvæmt skynjun augans
- Flatneskja flatarins (“flöturinn er flatur”)
- Áhrif sólarljóss (bls. 515)
- Skörp skil ljóss & skugga
- skynjun augans, rýmið, hvernig augað skynjar form

**Á miðri bls. 512 eru greinaskil, sleppt er síðunni þar á undan. “Þriðja listbyltingin í Frakklandi...”**

20. mars 2002

Manet

- lítið rými
- mikið skuggaleysi
- bls. 515 – svalamynd

- bls. 516 – steinþrykk

### Monet

- bls. 520
- hann fangar augnablikið
- málaði til dæmis eina kirkju á mörgum mismunandi tímum.
- Einnig málaði hann oft heysátur
- Hann málaði mjög mikið af vatnaliljum
- Impressjonisti

### Renoir

- málar með uppleystum litum
- bls. 521
- 

Japönsk þrykklist varð vinsæl

### Degas:

- tók upp japönsku hefðina að nota ekki miðlægni
- var áhugamaður um ljósmyndun
- Málaði hesta og hestamenn og ballerínur aðallega
- oft var mikið tóm í myndum hans, tóm gólf eða gras

### Rodin

- höggmyndalistamaður
- 

### Impressjonismi:

- bls. 519 – 527
- ~1865
- “að fanga andartakið”
- útimálun, að mála hratt á staðnum - túpultir
- fólk
- hversdagsmyndir
- hreinir litir

Impression – soleil levant = *Impression - sólarupprás* (1874, eftir Monet)

Gagnrýnendur voru að koma fram á sjónarsviðið

Monet er impressjonisti

Renoir (Jean Renoir var sonur hans og kvikmyndagerðarmaður)

Degas

Tveir hlutir komu fram sem höfðu mikil áhrif

- Ljósmyndavél
- Japönsk þrykkmyndalist
  - o Ekki miðlægni
  - o Evrópumenn voru mjög hrifnir af þessu
  - o Japanir seldu mikið te til Evrópu og þrykklistaverkin fylgdu þar með
- “Ný sjónarhorn”

### Impressjonismi

- Langmest í málun
- ((Höggmyndalist)) – bls. 529
- Tónlist

10. apríl 2002

## 26. kafli

### Jugendstíll

- kallað nýstíll á íslensku
- Þetta var í lok 19. aldar og upphafi 20. aldar.
- menn vildu nýta iðnbyltinguna á jákvæðan hátt
- Byggingar
- Hönnun
- Plaköt
- Jurtalegt og ósamhverft eru einkenni stílsins
- Ekki samhverfa
- Jurtaform
- fíngert skreyti
- Art Nouveau – franskt heiti

### Cézanne

- 1839-1906
- Var álika mikilvægur og Manet
- Málari
- hefur mikil áhrif á kúbisma
- bls. 540-543
- Vildi koma skipulagi á myndflötinn
- Var hrifinn af litum impressjónistanna en fannst þeir of óskipulagðir
- Hafði mikil áhrif inn í 20. öldina
- Það er mjög erfitt að stílgreina hann. Hefur verið kallaður *postimpressjónisti*.

### Vincent van Gogh

- Hollendingur
- f. 1853 og d. 1890
- bls. 546-549
- var sjálfmenntaður og málaði eftir eigin tilfinningum
- málar þykkt
- notar mjög sterka liti
- hafði mikil áhrif inn í 20. öldina
- expressjónismi er kominn frá honum að mörgu leyti. Margt er hægt að rekja til hans

### Paul Gauguin

- 1848-1903
- var fyrst verðbréfasali en varð svo málari
- Settist að á suðurhafseyjum
- bls. 550

- Lagði grunninn að *prímítívisma*

Menn vildu endurvekja handverkið, og til þess leituðu þeir jafnvel til miðalda.

8. apríl 2002

## 27. kafli

Kaflinn snýst um skilin við hefðina. Upphaf 20. aldar

Frank Lloyd Wright

- bls. 558
- var merkur bandarískur maður

Gropius

- Bauhaus skóli
- var þýskur
- “Ef hlutur þjónar tilgangi sínum og hefur notagildi, er hann fallegur”

Hönnun

### Expressjónismi

- kemur fram á fyrsta áratug 20. aldar
- sérstaklega í Þýskalandi
- “Impressjónisti málar það sem hann sér, en expressionisti málar það sem hann sá. Málar það sem býr innra með honum.”
- Einn af brautryðjendum fyrir expressjónisma var Van Gaugh

### Abstrakt-list

- “óhlutbundin list”
- Maður sér ekki alltaf hver fyrirmyndin að myndefninu er
- 1910-1915

### Kúbismi

- bls. 575
- kemur fram í kringum 1907
- fútúrismi er mjög skyldur kúbisma (ítalskur ~1910/12)

### Fútúrismi

- sjá kúbisma

### Edward Munch

- Fyrsti fulltrúi norðurlandaþjóða
- Expressjónisti
- Málari
- bls. 565

### Käthe Kollwitz

- fyrsta konan
- bls. 566
- þýsk og bjó í Berlín
- Expressjónisti
- kom fram í lok 19. aldar
- var mjög á móti stríði

### Vasily Kandinsky

- bls 571
- abstrakt-list
- notar listastúdíur
- málar mikið hesta og riddara
- sjá einnig á blaði úr tíma
- vann á 1908-1920

### Henri Matisse

- bls. 572
- kunna ágætlega

### Pablo Picasso (1881-1973)

- bls. 575-577
- kunna hann mjög vel
- Byrjaði sem kúbisti og bjó hann til, en varð svo allt

### Constantin Brancusi

- bls. 581
- kunna hann

## 28. kafli

Salvador Dali var súrrealisti

3. apríl 2002

## Upprifjun

### 12. kafli

Endurreisn = rómverkst og grískt. Menn voru hrifnir af því gamla. Hún byrjar í Flórens í upphafi 15. aldar (1420). Allar aðstæður voru fyrir hendi í Flórens á þessum tíma og ríkidæmi var til staðar. Forn rit höfðu komið fram, og allar efnahagslegar og þekkingarlegar forsendur voru til staðar. Aðstæðurnar voru allra bestar í Flórens.

Hún sést fyrst og best í byggingarlist. *Brunelescki*. Notaði hin fornu form og aðlagði þau að samtímanum.

- Áhersla á þverlínuna
- Sýnilegar mælieiningar (Hringboginn)
- Stefnan var ekki lengur upp á við eins og í gotneska heldur var þverformið vinsælla
- Brunelescki var góður í fjarvidd og byrjaði á henni

- Munaðarleysingjahæli í Flórens var fyrsta endurreisnarbyggingin
- 227 er hægt að sjá sýnilegar mælineiningar

#### Masaccio

- Fyrsti endurreisnarmálarinn
- fjarvídd Br. í málverkum
- málar með ljósi og skugga
- “massíft fólk”

#### Donatello

- gerði höggmyndir
- bls. 231
- notar svipað og Masaccio, fjarvídd, fólk
- “maðurinn í miðjunni”

Endurreisn var ekki mikil í Norður-Evrópu. (Ekkert var til þess að endurreisa) en ef maður segir að það sé (mikil áhrif frá Ítalíu).

Endurreisnin var öðruvísi í Norður-Evrópu

- Van Eyeck
- Sluter
- Sviðsetja Biblíuatburði heima hjá sér

#### Endurreisn

- vísindalegt raunsæi á Ítalíu (Ítalir mála að innan og út)
- smáatriðaraunsæi í Norður-Evrópu (mála að utan og inn) fjarvídd

**13. kafli**

Snýst um það hvernig menn vinna úr nýjungum endurreisnar Alberti

- byggingameistari
- Kanna byggingu bls. 250 (Borgarhöll, endurreisn) (dóríska → jónískar → kórínþískar) Hleðslan er grófust neðst og fínust efst
- líka bls. 249

Ghiberti

Fra Angelico

- bls. 243
- er með gamalt fólk í nýju rými
- notar aðeins gotneskt líka
- var sá sem bjó til englana

bls. 254 = fjarvídd

stytting, firðing ( þegar hlutir styttest vegna fjarvídðar)

Mantegna

- bls. 258
- kunna hann vel
- fjarvídðarsnillingur
- blekkimálun
- línúmálun (EKKI ljós og skugga málun)
- bls. 265 er lík bls. 258.- Botticelli
- bls. 261 er ólík 258 – Francesca

Á þessum tíma eru hlutirnir að gerast víðar en í Flórens

**14. kafli**

Í Norður-Evrópu er byggingarlist ennþá gotnesk.

van der Weyden

- bls. 277
- kunna hann vel
- Samtímamaður van Eyck

Tréskurðarlist var í Norður-Evrópu, á meðan Ítalir notuðu marmara

Mikil framför og gróska var í grafíklist var bæði í Norður- og Suður-Evrópu

Grafík

- tréskurður
- koparskurður
- ætting (vaxið)

**15. kafli – MJÖG MIKILVÆGUR KAFLI**

Kunna hann vel

Fjallar um háendurreisn  
Byrjun 16. aldar (~1500-1525/30)  
Á aðallega heima í Róm  
Lykilatriði

- miðlægni
- jafnvægi
- pýramýdabygging

Bramante

- bls. 290
- muna eftir

Leonardo da Vinci, Rafael, Michelangelo

Loftið í Sixtínsku kapellunni

- bls. 309
- Michelangelo
- gert á fyrsta áratug sextándu aldar

Michelangelo

- bls. 309
- bls. 313

*Nýplátónismi*

- Platón var grískur heimsspekingur
- “efnið og andinn”

Michelangelo vildi frelsa andann úr efni líkamans

Maníerismi tekur við af háendurreisn

Mikil ófriður var á Ítalíu á þessum tíma, páfinn var líka valdamikill í list

## 16. kafli

Lesi hann allan

Feneyjar á háendurreisnartímanum

Litamálunin var mikil í Feneyjum á þessum tíma

Lögðu mikla áherslu á liti

Mála mikið af útimyndum, landslag

Muna eftir byggingunni á bls. 326 – Markúsarbókasafnið

Bellini

Giorgione

Tizian

Bellini var kennari hinna tveggja

Correggio

- blekkimálun

- var mjög mikill blekkimálari
- “Kennari maníerista”

## 17. kafli

*10. apríl 2002*

### Um prófið

kl. 13:00 þann 29.apríl verður Elísa til staðar til þess að undirbúa fyrir prófið.

Prófið byrjar á krossaspurningum (22% = 3 spurningar) Rétt eða rangt  
12% 5 hugtök sem á að skilgreina  
ritgerðarspurning, val = 14%  
svart / hvítar myndir = 22%  
litmyndir, lýsa myndinni = 30%